

DAGSKRÁ

Reykjalundur endurhæfing ehf.

 37. fundur stjórnar 12. september 2023 kl. 8:15-9:45 í Grímansfelli.

Boðaðir eru: Anna Stefánsdóttir, Gunnar Ármansson, Aldís Stefánsdóttir, Arna Harðardóttir, varamaður og Pétur Magnússon, forstjóri. Fundarritari er Pétur Magnússon en Arna Harðardóttir boðaði forföll.

Helgi Kristjónsson var gestur fundarins í lið 2.

Dagskrá

1. Eldri fundargerðir til samþykktar og undirritunar (35. og 36. fundur).

2. Fjármál Reykjalundar:

Helgi Kristjónsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs fór yfir eftirfarandi atriði:

- Rekstraruppgjör eftir 7 mánuði ársins 2023.
Niðurstaðan er verulegur taprekstur. Uppgjörið er að hluta til nálægt áætlun en þar sem einskiptis kostnaðarliðir hafa bæst við (sem þegar hafa verið áætlaðir) verður að varast að draga of miklar ályktanir af niðurstöðum nú heldur bíða næsta uppgjörs.
- Lausafjárstaða. Rætt var um lausafjárstöðu Reykjalundar en hún er undir væntingum. Stjórnarformanni og forstjóra falið að semja minniblað fyrir stjórn SÍBS með stöðuupplýsingum og tillögum að lausnum sem meðal annars gætu falist í að fá að fresta afborganum af láni SÍBS.

3. Fundur með heilbrigðisráðherra 30. ágúst.

Stjórnarformaður og forstjóri kynntu stuttlega fund þeirra og fulltrúa SÍBS með heilbrigðisráðherra og starfsfólki heilbrigðisráðuneytis þar sem húsnæðismál Reykjalundar voru umræðuefníð. Meðal annars kynnti ráðherra á fundinum að komið yrði á sameignlegum vinnuhópi Reykjalundar/SÍBS og heilbrigðisráðuneytis og fleiri aðila úr stjórnslunni til að fara yfir málin.


4. Farið yfir stefnumótunardag 8. september og kynningu á niðurstöðum 25. október. Stefnumótunardagur Reykjalundar fór fram 8. september s.l. undir stjórn Guðrúnar Ragnarsdóttur, sérfræðings hjá Strategíu. Góð þátttaka var á deginum en um 100 starfsmenn tóku þátt. Forstjóri og framkvæmdastjórn vinna nú úr niðurstöðum og verður staða mál kynnt á næsta stjórnarfundi. Hugmyndin er svo að halda almennan kynningarfund fyrir starfsfólk 25. október.

5. Önnur mál

- Val á fulltrúar stjórnar Reykjalundar endurhæfingar ehf. í stjórn Oddssjóðs. Samkvæmt nýsamþykktu skipulagi Oddssjóðs tilnefnir stjórn Reykjalundar endurhæfingar ehf. einn fulltrúa í stjórn sjóðsins. Samþykkt samhljóða að það verði Gunnar Ármansson.
- Málþing til heiðurs Stefáni Yngvasoni.

Formaður kynnti hugmyndir að í vetur yrði haldið málþing til heiðurs Stefáni Yngasyni endurhæfingarlækni. Hann létt nýlega af störfum á Reykjalundi fyrir aldurs sakir en hann starfaði lengst af á Landspítala og á að baki farsælan feril. Málþingið yrði samvinnuverkefni við Landspítala og félag endurhæfingarlækna. Formaður mun ræða við Landspítala sem næsta skref.

Pétur Magnússon ritaði fundargerð.



A handwritten signature in black ink, appearing to read "Pétur Magnússon". Below it is a blue handwritten signature that appears to read "Áris Stórhensdóttir".